

BLÁSKÓGABYGGÐ

Aratungu – 801 Selfoss – Kt. 510602-4120
Sími: 486-8808 – Fax: 486-8709

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/2580
komudagur 10.06.2004

Bláskógabyggð, 14. maí 2004.

Umhverfisnefnd Alþingis
Sigríður A. Þórðardóttir
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Á fundi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar þann 13. maí 2004 var undirrituðum falið að svara umhverfisnefnd Alþingis vegna frumvarps til laga um verndun þingvallavatns og vatnasviðs þess. Svarið er í samræmi við bókun sveitarstjórnar frá 6. apríl 2004.

Aðdragandi:

Þann 23. janúar s.l. kynnti umhverfisráðherra sveitarstjórn Bláskógabyggðar tillögu til laga um verndun þingvallavatns og vatnasviðs þess. Á þeim fundi kom fram gagnrýni sveitarstjórnar vegna tillögunnar og bent á að ekki væri nauðsyn á umræddum lögum enda tæki aðalskipulag þingvallasveitar og Laugardals á vatnsvernd fyrir þingvallavatn og vatnasvið þess.

Einnig gerði sveitarstjórn ýmsar athugasemdir við tillöguna. Bent var á að vatnsverndarsvæðið í lagafrumvarpinu væri víðfeðmara en það er landfræðilega og voru gerðar lagfæringar á því samkvæmt tillögu sem sveitarstjórn fékk í hendur 5. apríl 2004. Þá hefur komið í ljós að samkvæmt tillögum umhverfisráðherra þá nær frumvarpið ekki til allra þeirra upptökustaða sem liggja að þingvallavatni.


Bókun:

Sveitarstjórn mótmælir því harðlega að Þjóðgarðurinn á Þingvöllum sé ekki hluti af vatnasvæðinu í vatnsverndarfrumvarpinu. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar áréttar skoðun sína, sem fram kom á fundi með Umhverfisráðherra, að ríkisstjórnin leggi fram frumvarp til laga um vatnsvernd fyrir Ísland í heild, en láti það vera að leggja fram sérstakt frumvarp til laga um vatnsvernd þingvallavatns. Almenn lög um vatnsvernd á Íslandi hljóta að vera fullnægjandi til að vernda þingvallavatn.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar minnir á að samkvæmt lögum um sveitarfélög og stjórn þeirra þá er þingvallavatn, vatnasvið þess og verndun, á ábyrgð sveitarfélagsins. Verið er að vinna aðalskipulag fyrir þingvallasveit og mun því ljúka á þessu ári. Í aðalskipuvinnunni eru komnar fram metnaðarfullar tillögur sem ná yfir vatnsverndarhluta frumvarpsins.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar mótmælir því að valdsvið hennar sé skert, með lögum um verndun þingvallavatns og vatnasviðs þess.

F.h. sveitarstjórnar Bláskógabyggðar


Ragnheiður Sævarsson
sveitarstjóri Bláskógabyggðar.

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/2576
komudagur 4. 6. 2004

Félag jarðeigenda við Þingvallavatn
c/o Bjarni Helgason, Ph.D., jarðvegsfræðingur
Undralandi 2
108 Reykjavík

Reykjavík 1. júní 2004

Nefndasvið Alþingis - Umhverfisnefnd,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Málefni: **Frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, þskj. 1420**

Hinn 27. apríl sl. sendi félag jarðeigenda við Þingvallavatn umhverfisnefnd Alþingis bréf vegna frumvarps til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess. Í tilefni af ósk nefndarinnar dags. 4. maí um umsögn um frumvarpið er efni bréfsins endurtekið hér en einnig bætt við það.

Stjórn Félags jarðeigenda við Þingvallavatn bendir á, að sömu verndunarhugmyndir og birtast í fyrirliggjandi frumvarpi til laga komu fram á 122. löggjafarþingi 1997-1998 og þá sem hluti af frumvarpi til laga um stækkun Þjóðgarðsins á Þingvöllum (mál nr. 676 á þskj. 916). Það frumvarp var unnið á vegum Þingvallanefndar og mættu verndunarhugmyndir Þingvallanefndar strax mikilli andstöðu heimamanna. Síðan var það frumvarp klofið upp í tvö frumvörp, annars vegar er tók til stækkunar Þjóðgarðsins og hins vegar er snerti vatnasvið Þingvallavatns. Var málið þannig lagt fyrir hið háa Alþingi til kynningar í febrúar 1999 á 123. löggjafarþingi 1998-1999 (Frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, mál nr. 946 á þskj. 576). Í báðum hinna eldri frumvarpa var Þingvallanefnd ætlað megin hlutverk í stað sveitarstjórnanna. Þvert á fullyrðingar forystu Þingvallanefndar um hið gagnstæða mætti þessi áframhaldandi valdaásælni nú engu minni andstöðu heimamanna en hin fyrri tilraun.

Fyrirliggjandi frumvarp er í meginatriðum efnislega samhljóða frumvarpinu, sem lagt var fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi með þeirri breytingu, að nú er umhverfisráðherra ætlað að taka við því valdi sveitarstjórnanna, sem í fyrri frumvörpum var ætlað að færa Þingvallanefnd.

Umræddum "verndunarhugmyndum" var á sínum tíma reynt að þröngva fram við vinnu að gerð svæðisskipulags þar, sem heimamönnum var ætlað að biðja hið háa Alþingi um sérstaka löggjöf til verndunar vatnasviði Þingvallavatns (sbr. viðtal við Guðrúnu Jónsdóttur arkitekt í Mbl. 4. feb. 1994 með fyrirsögninni: "Lög um vatnasvið Þingvallavatns - afmælisgjöfin okkar?"). Hér skal það ítrekað, að heimamenn hafa verið og eru þeirrar skoðunar, að þarna eigi að gilda almennar reglur og lög. Gera þarf greinarmun á verndun hins forna þingstaðar annars vegar, sem Alþingi sjálfu er treyst fyrir og hins vegar verndun vatnsins og annars umhverfis þess,

sem þegar lýtur almennri löggjöf. Heimamenn láta sér annt um svæðið og ekki verður séð, að verndun þess verði betur komið á annan hátt. Sérstaka athygli vekur, að bakhjarl og hugmyndasmiður allra sérverndunarhugmyndanna er Pétur M. Jónasson vatnalíffræðingur og ráðgjafi Þingvallanefndar, sem búsettur hefur verið Kaupmannahöfn í meira en hálfa öld. Virðist hann lítt skeyta um eða vera kunnugur þeim gríðarlegu breytingum á íslenska laga- og reglugerðarumhverfi, sem orðið hafa síðan 1983 er hann hóf yfirlýsingaherferð sína gegn mannlífi við Þingvallavatn, fyrst með viðtali í Þjóðviljanum árið 1983, breytingum er varða hverskyns náttúruvernd og þó sérstaklega verndun vatns. Greinargerð hans varðandi Þingvelli og Þingvallavatn hefur jafnan verið endurprentuð óbreytt sem fylgiskjal nr.1 með þeim lagafrumvörpum, er hafa öðru hvoru verið lögð fyrir hið háa Alþingi síðustu 7 árin, þrátt fyrir ýmsa faglega veikleika sem þar er að finna.

Stjórn Félags jarðeigenda við Þingvallavatn þykir, að ekki sé stutt haldbærum rökum hvers vegna sveitarstjórnunum svæðisins skuli skv. frumvarpinu ekki lengur treyst til að standa á eigin fótum hvað vatnsverndarmál á vatnasviði Þingvallavatns snertir. Ekki hefur heldur verið sýnt fram á, að núgildandi lög og reglur séu ófullnægjandi í þessu tilliti, sbr. eftirfarandi lög og reglugerðir með áorðnum breytingum:

Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998

796/1999 Reglugerð um varnir gegn mengun vatns

797/1999 Reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns

798/1999 Reglugerð um fráveitur og skólþ

799/1999 Reglugerð um meðhöndlun seyru

804/1999 Reglugerð um varnir gegn mengun vatns af völdum

köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri

Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000

671/2000 Reglugerð um mat á umhverfisáhrifum

Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997

400/1998 Skipulagsreglugerð

441/1998 Byggingareglugerð.

Náttúruverndarlög nr. 44/1999.

Eins og sjá má á ofangreindri upptalningu eiga lög um verndun Mývatns og Laxár, nr. 36/1974, sem vitnað er til sem rökstuðnings í athugasemdum með frumvarpinu engan veginn við í sambandi við verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, enda barn síns tíma og sett löngu áður en núverandi laga- og reglugerðaumhverfi var mótað.

Með tilvísun til fyrirbyggjandi frumvarps vill stjórn Félags jarðeigenda við Þingvallavatn taka undir, að vissulega er vatnasvið Þingvallavatns mikilvæg grunnvatnsauðlind. Stjórn félagsins minnir á, að samkvæmt nýjustu rannsóknum streymir meiri hluti innrennslis í Þingvallavatn um sjálfa Þingvallalægðina og um 90 % af öllu því, sem í vatnið streymir rennur undan Þingvalla- og Miðfellshraununum. Þingvallavatn sjálft getur hins vegar aldrei orðið vatnsból svo opið sem það er. Krafa fólks um neysluvatn í dag er vatn úr lokuðum vatnsbólum (borholum) til að hreinleiki vatnsins sé tryggður.

Hvergi kemur fram hver sé hin yfirvofandi hætta eða í hverju sú ógn sé fólgin, sem geri það “brýnt að setja þegar lög” til að tryggja verndun vatnasviðsins umfram það, sem segir í núgildandi almennum lögum og reglum. Stjórn Félags jarðeigenda við Þingvallavatn mótmælir harðlega, að lagt skuli fram sérstakt lagafrumvarp um verndun vatnasviðs Þingvallavatns, sem ekki er stutt öðrum rökum en tilfinningalegs eðlis, sbr. tilfinningaþrungna greinargerð Péturs M. Jónssonar og prentuð er enn einu sinni sem fylgiskjal með fyrirliggjandi frumvarpi.


Sú gífurlega röskun á lífríki Þingvallavatns, sem varð sumarið 1959 og eftir það er öll af mannanna völdum og var henni dyggilega fylgt eftir af Alþingi með fulltingi þáverandi iðnaðarráðherra, er leyfði verulega vatnsborðshækkun umfram hið náttúrulega vatnsborð. Samkvæmt 3. og 4. gr. frumvarpsins á umhverfisráðherra ásamt iðnaðarráðuneytinu að fá auknar valdheimildir til afskipta af þróun lífríkis Þingvallavatns og einnig af mannlífi við vatnið. Vandséð er hvernig slíkur tilflutningur valds á kostnað sveitarstjórna verði til bóta frá því sem nú er. Stjórnsýslulega virðist heppilegra, að ráðherra standi utan og ofan við svona mál ef síðar meir skyldi reyna á úrskurðarvald hans í hugsanlegum deilumálum.

Varðandi samráðskvöð, sem á ráðherra er lögð, sbr. 3. og 4. grein frumvarpsins, þykir rétt að benda á, að mikill munur er á samvinnu og samstarfi annars vegar og samráði hins vegar. Alltof oft hefur það viljað brenna við, að samráð valdamanna við þá, sem ern skör neðar í kerfinu séu fremur í ætt við tilkynningaskýldu að ofan en samstarf eða samvinnu allra aðila.

Stjórn Félags jarðeigenda við Þingvallavatn hlýtur því að mótmæla þeim hugmyndum, sem koma fram í frumvarpinu um aukin völd og afskipti umhverfisráðherra og/eða iðnaðarráðuneytis varðandi Þingvallavatn og vatnasvið þess. Hún telur, að sérlagaleiðin sé útrædd og nú einnig úrelt í ljósi þess lagaumhverfis, sem áður er lýst. Hún tekur því heilshugar undir mótmæli sveitarstjórnar Grímsnes-og Grafningshrepps, dags. 13. apríl síðastliðinn til umhverfisráðherra varðandi umrætt frumvarp. Stjórn Félags jarðeigenda við Þingvallavatn telur, að þessi mál öll séu betur komin áfram í höndum sveitarstjórna svo sem verið hefur og leggur til, að fyrirliggjandi “frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess” verði lagt til hliðar.

Virðingarfyllt

f.h. stjórnar Félags jarðeigenda við Þingvallavatn


Bjarni Helgason, formaður

Alþingi
Erindi nr. P 130 / 2328
komudagur. 28. 4. 2004

Félag jarðeigenda við Þingvallavatn
c/o Bjarni Helgason, Ph.D., jarðvegsfræðingur
Undralandi 2
108 Reykjavík

Reykjavík 27. apríl 2004

Umhverfisnefnd Alþingis,
Sigríður Anna Þórðardóttir formaður

Málefni: **Frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess,**
þskj. 1420

Með tilvísun til fyrirbyggjandi frumvarps vill stjórn Félags jarðeigenda við Þingvallavatn taka undir, að vissulega sé vatnasvið Þingvallavatns mikilvæg grunnvatnsauðlind. Stjórn félagsins minnir á, að samkvæmt nýjustu rannsóknum streymir meiri hluti innrennslis í Þingvallavatn um sjálfa Þingvallalægðina og að um 90 % af öllu því, sem í vatnið streymir rennur undan Þingvalla- og Miðfellshrauninum. Þingvallavatn sjálft getur hins vegar aldrei orðið vatnsból jafn opið og það er. Krafa fólks um neysluvatn í dag er vatn úr lokuðum vatnsbólum (borholum) til að hreinleiki vatnsins sé tryggður.

Hvergi kemur fram hver sé hin yfirvofandi hættu eða í hverju sú ógn sé fölgín, sem geri það “brýnt að setja þegar lög” til að tryggja verndun vatnsviðsins umfram það, sem segir í núgildandi almennum lögum og reglum. Stjórn Félags jarðeigenda við Þingvallavatn mótmælir harðlega, að lagt skuli fram sérstakt lagafrumvarp um verndun vatnasviðs Þingvallavatns, sem ekki er stutt öðrum rökum en tilfinningalegs eðlis, sbr. tilfinningaþrungna greinargerð Péturs M. Jónassonar er birtist sem fylgiskjal með frumvarpinu.

Sú gífurlega röskun á lífríki Þingvallavatns sem varð sumarið 1959 og eftir það er öll af mannanna völdum og var henni dyggilega fylgt eftir af Alþingi með fulltingi þáverandi iðnaðarráðherra er leyfði verulega vatnsborðshækkun umfram hið náttúrulega vatnsborð, sem var. Samkvæmt 3. og 4. gr. frumvarpsins á umhverfisráðherra ásamt iðnaðarráðuneytinu að fá auknar valdheimildir til afskipta af þróun lífríkis Þingvallavatns og af mannlífi við vatnið. Vandséð er hvernig slíkur tilflutningur valds á kostnað sveitarstjórna verði til bóta frá því sem nú er. Stjórnsýslulega virðist heppilegra, að ráðherra standi utan og ofan við svona mál ef reyna skyldi á úrskurðarvald hans í hugsanlegum deilumálum.

Varðandi samráðskvöð sem á ráðherra er lögð sbr. 3. og 4. grein frumvarpsins þykir rétt að benda á, að mikill munur er á samvinnu og samstarfi annars vegar og samráði hins vegar. Alltof oft hefur það viljað brenna við, að samráð valdamanna við þá, sem eru skör neðar í kerfinu séu fremur í ætt við tilkynningaskyldu að ofan en samstarf allra aðila.

Stjórn Félags jarðeigenda við Þingvallavatn þykir, að ekki sé stutt nægjanlegum rökum hvers vegna sveitarstjórnnum svæðisins skuli skv. frumvarpinu ekki lengur treyst til að standa á eigin fótum hvað vatnsverndarmál á vatnasviði

Þingvallavatns snertir. Ekki hefur heldur verið sýnt fram á, að núgildandi lög og reglur séu ófullnægjandi í þessu tilliti, sbr. eftirfarandi lög og reglugerðir með áorðnum breytingum:

Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir 7/1998

796/1999 Reglugerð um varnir gegn mengun vatns

797/1999 Reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns

798/1999 Reglugerð um fráveitur og skólp

799/1999 Reglugerð um meðhöndlun seyru

804/1999 Reglugerð um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri

Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000

671/2000 Reglugerð um mat á umhverfisáhrifum

Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997

400/1998 Skipulagsreglugerð

441/1998 Byggingareglugerð.


Náttúruverndarlög 44/1999.

Lög um verndun Mývatns og Laxár, nr. 36/1974, sem vitnað er til sem rökstuðnings í í athugasemdum með frumvarpinu eru barn síns tíma sett löngu áður en núverandi laga- og reglugerðaumhverfi var mótað og eiga því ekki við í sambandi við verndun Þingvallavatns og vatnasvið þess.

Stjórn Félags jarðeigenda við Þingvallavatn hlýtur því að mótmæla þeim hugmyndum, sem koma fram í frumvarpinu um aukin völd og afskipti umhverfisráðherra og/eða iðnaðarráðuneytis varðandi Þingvallavatn og vatnasvið þess. Hún tekur því heilshugar undir mótmæli sveitarstjórnar Grímsnes-og Grafningshrepps, dags. 13. þ.m. til umhverfisráðherra varðandi umrætt frumvarp, sbr. meðfylgjandi ljósrít. Stjórn Félags jarðeigenda við Þingvallavatn telur, að þessi mál öll séu betur komin áfram í höndum sveitarstjórna svo sem verið hefur og leggur til, að fyrirbyggjandi “frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess” verði lagt til hliðar.

Virðingarfyllst

f.h. stjórnar Félags jarðeigenda við Þingvallavatn



Bjarni Helgason, formaður

GRÍMSNES OG GRAFNINGSHREPPUR

Félagsheimilinu Borg - 801 Selfoss
Sími: 486 4400 - FAX: 486 4490
NETFANG: gogg@gogg.is - www.gogg.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/2S22
komudagur 25.5.2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Borg 21. maí 2004

Efni: Frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes-og Grafningshrepps þann 19. maí 2004 var tekið fyrir til umsagnar frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess. Sveitarstjórn ítrekar bókun frá fundi sínum frá 7. apríl 2004 þar sem segir:

Sveitarstjórn mótmælir því harðlega að lagt skuli fram sérstakt frumvarp um verndun vatnasviðs Þingvallavatns og leggur til að lagt verði fram frumvarp til laga um vatnsvernd á Íslandi í heild sem taki einnig yfir vatnasvæði Þingvallavatns.

Jafnframt lýsir sveitarstjórn yfir furðu sinni á því að verið sé að taka ákvörðunarrétt af sveitarstjórnnum með vatnsverndarlögum við Þingvallavatn nú þegar það er yfirlýst stefna ríkis að efla sveitarstjórnarstigið.

Í frumvarpinu er gert ráð að Þingvallanefnd beri ábyrgð á vatnsvernd innan þjóðgarðs en sveitarstjórnnum er ekki treyst til að fara með málefni vatnsverndar samkvæmt frumvarpinu.


Ennfremur er bent á að til eru lög og reglugerðir er taka á málefnum um verndun vatns. Má þar nefna lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, lög um mat á umhverfisáhrifum og skipulags- og byggingarlög.

Sveitarstjórn mótmælir því gerð sérstaks lagafrumvarps um verndun Þingvallavatns þar sem helstu rökin sem sett eru fram er hástemmd og tilfinningaþrungin greinargerð Péturs M. Jónassonar.

Virðingarfyllt,
f.h. sveitarstjórnar,

SVEITARSTJORI

GRÍMSNES OG GRAFNINGSHREPPUR



Afrit sent:
Sambandi íslenskra sveitarfélaga og SASS

GRÍMSNES OG GRAFNINGSHREPPUR

Félagsheimilinu Borg - 801 Selfoss
Sími: 486 4400 - FAX: 486 4490
NETFANG: gogg@gogg.is - www.gogg.is

Alþingi
Fundi nr. **P** 130/2302
Dagur 4.5.2004

Umhverfiráðherra
Siv Friðleifsdóttir
Vonarstræti 4
150 Reykjavík

Borg 13. apríl 2004

Efni: Frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes-og Grafningshrepps þann 7. apríl s.l. var lagt fram til kynningar frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess dags. 6. apríl 2004.

Eftirfarandi bókun var gerð:

Sveitarstjórn mótmælir því harðlega að lagt skuli fram sérstakt frumvarp um verndun vatnasviðs Þingvallavatns og leggur til að lagt verði fram frumvarp til laga um vatnsvernd á Íslandi í heild sem taki einnig yfir vatnasvæði Þingvallavatns.

Jafnframt lýsir sveitarstjórn yfir furðu sinni á því að verið sé að taka ákvörðunarrétt af sveitarstjórnnum með vatnsverndarlögum við Þingvallavatn nú þegar það er yfirlýst stefna ríkis að efla sveitarstjórnarstigið.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Þingvallanefnd beri ábyrgð á vatnsvernd innan þjóðgarðs en sveitarstjórnnum er ekki treyst til að fara með málefni vatnsverndar samkvæmt frumvarpinu.

Sveitarstjórn lýsir furðu sinni á því að ekki skuli leitað eftir formlegu samráði og umsögnum landeigenda og sveitarstjórna á svæðinu.

Vinngarfýlist.

f.h. sveitarstjórnar

SVEITARSTJORI

GRÍMSNES OG GRAFNINGSHREPPS


Margrét Sigurðardóttir

Afrit sent landeigendum við Þingvallavatn í Grímsnes-og Grafningshreppi

Alþingi
Til umhverfisnefndar Alþingis *Erindi nr. P 130/2301*
komudagur 4.5.2004 Brussel 29. apríl 2004

Varðar:

**Frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess
(934. mál á 130. löggjafarþingi, þskj. 1420)**

Áhrif frumvarpsins, ef að lögum yrði, yrðu fyrst og fremst þau að reisa tilefnislausar skorður við eðlilegu mannlífi við Þingvallavatn. Undirritaður hvetur til þess að Alþingi hafni frumvarpinu algjörlega.

Í frumvarpinu er lagt til að umhverfisráðherra geti stjórnað mikilvægum málaflokkum við Þingvallavatn með ákvörðunum, án þess að þeim séu settar skorður og skír markmið. Með því væri vald sveitarstjórna í Bláskógabyggð og í Grímsnes- og Grafningshreppi skert, en almenn stjórnvöld geta vel staðið vörð um vatnið með venjulegum valdheimildum sínum fái þau frið til þess.

Ekki kemur fram í athugasemdum frumvarpsins, að nein sú vá steðji að Þingvallavatni, sem útheimti sérstaka lagasetningu. Í frumvarpinu er heldur ekki gert ráð fyrir neinum sérstökum aðgerðum til að fylgjast með hvort ráðherra þurfi að grípa til þeirra heimilda sem honum væru fengnar. Gert er ráð fyrir að settar yrðu sérstakar og strangari reglur en almennt gilda, en engar leiðbeiningar eða vísbendingar eru um efnisákvæði. Hvaða markmið á að setja vatnshæð og frárennsli? Eru þau mál í ólagi núna? Þarf strangari reglur en almennt gerist? Það kemur ekki fram.

Frumvarpið er ekki nýtt. Það er nánast, eða alveg, samhljóða frumvarpi sem lagt var fram á 123. löggjafarþingi 1998-1999 (576. mál, þskj. 946), án þess að þess sé getið í athugasemdum. Á því þingi var einnig lagt fram sérstakt frumvarp um þjóðgarðinn á Þingvöllum (mál 560, þskj. 906), rétt eins og á yfirstandandi þingi. Á næsta þingi á undan, 122. löggjafarþingi 1997-98, voru þessi mál lögð fram í einu frumvarpi sem ekki gerði ráð fyrir aðild umhverfisráðherra (mál 699, þskj. 1229). Þessi frumvörp hlutu ekki afgreiðslu. Öll frumvörpin voru, eins og fyrirliggjandi frumvarp, "samið undir forsjá Þingvallanefndar" eins og segir í athugasemdum.

Með því að leggja frumvarpið fram nú er ýft upp gamalt ósætti, sem undirritaður taldi að hefði verið lagt til hliðar. Í vinnu við svæðisskipulag Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshreppa sem stóð í mörg ár kringum 1990 var reynt að nota skipulagsákvæði til þess að setja reglur um svipað efni og í frumvarpinu, nota verndun sem yfirvarp til þess að reisa skorður við eðlilegu mannlífi. Einu gildir í því sambandi hvaða stjórnvald færi með sérstök völd á svæðinu, það er ekki viðunandi að völdin séu sérstök. Þingvallanefnd ætti að láta gott af sér leiða í málefnum þjóðgarðsins á Þingvöllum, sem henni er treyst fyrir, en láta byggðina við Þingvallavatn í friði.

Með vinsemd

Helgi Þórsson
kennitala 230451-4519

LANDGRÆÐSLA RÍKISINS



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 130/2453
komudagur 17.5.2004

Gunnarsholti, 14. maí 2004

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, 934. mál.

Landgræðsla ríkisins hefur tekið til umfjöllunar frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess.

Í athugasemdum um 2. gr. frumvarpsins kemur fram það markmið að tryggja verndun vatns, einkum grunnvatns, í tengslum við allt það mikla vatn sem rennur til Þingvallavatns.

Almennt gildir að náíð samhengi er á milli ástands lands, vatnsmiðlunar og vatnsverndar. Gróðurinn hægir á yfirborðsrennsli, eykur vatnsmiðlun og hindrar að jarðvegsagnir losni. Gróður og lífrænt efni í jarðvegi virkar einnig eins og sía sem getur bundið mengandi efni sem kunna að berast á vatnasvið lækja, áa og vatna. Það skiptir því miklu máli út frá vatnsverndarsjónarmiðum að ástand lands sé gott.


Rannsóknir sýna hins vegar að á vatnasvæði Þingvallavatns er ástand jarðvegs og gróðurs víða mjög slæmt. Það gildir bæði um svæðið í byggð umhverfis Þingvallavatn og aðliggjandi afrétti. Sums staðar á sér enn stað mikið jarðvegsrof og stór hluti af þeim svæðum sem nú eru ógróin voru fyrrum þakin birkiskógi eða birki- og víðikjarri.

Bændur á vatnasviði Þingvallavatns hafa lengi verið dugmiklir í uppgræðslu heimalanda sinna með lágum ábuðrarskömmtum og búfjáraburði. Á afréttum þarf víða að auka varnarstarfið til að stöðva jarðvegsrof og hraða framvindu gróðurs. Mikil sand- og uppblásturssvæði liggja t.d. suður og suðvestur frá Langjökli, sem þarf að takast á við.

Að mati Landgræðslunnar er vernd gróðurs og jarðvegs, ásamt landbótum þar sem þörf er á, samofin markmiðum laga um vatnsvernd. Því þarf að tryggja að í þeim reglum sem umhverfisráðherra setur um framkvæmd vatnsverndarinnar sé ekki komið í veg fyrir landbætur innan vatnsverndarsvæðisins, enda eiga þær lítt skylt með þaulræktun. Jafnframt ætti ekki að láta nægja að setja reglur um takmarkanir á hvað gera má innan vatnsverndarsvæðisins, heldur að með lögunum sé stuðlað að aukinni gróðurvernd og uppbyggingu vistkerfa innan þessa svæðis.

Virðingartyllst,
f.h. Landgræðslu ríkisins

Sveinn Runólfsson,
Landgræðslustjóri



Alþingi
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/2454
komudagur 17. 5. 2004

7/2 lesi 13. maí 2004
L04020002/022.1/MG/rfb

Efni: 934. mál, frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess.

Vísað er til erindis Umhverfisnefndar Alþingis þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns.

Landmælingar Íslands vilja benda á að mjög gagnlegt væri að hnitsetja þá línu sem afmarkar verndarsvæðið sem fjallað er um í frumvarpinu. Slík vinna kemur í veg fyrir misskilning og deilur síðar.

Bestu kveðjur,


Magnús Guðmundsson
Forstjóri Landmælinga Íslands

Alþingi
Erindi nr. P 130/2404
komudagur 16.05.2004



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Líffræðistofnun Háskólans
Óskju, Sturlugötu 7
101 Reykjavík
Sími: 525-4600
Bréfasími: 525 4069
Tölvufang: sigsnor@hi.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

5.05. 2004

Umsögn um frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess

Ég vil leyfa mér að fagna þessu frumvarpi. Frumvarpið er einfalt í sniðum og markmið þess skýr. Þá eru réttindi landeigenda, ábúenda og annara sem eiga nytjarétt á svæðinu vel tryggð. Með frumvarpinu er stigið geysimerkt skref í náttúruvernd á Íslandi.

Í frumvarpinu er kveðið á um að Umhverfisstofnun skuli setja nánari reglur um framkvæmd verndunarinnar. Ljóst er að við gerð slíkra reglna verður að vanda mjög til verka þannig að unnt sé að tryggja að farið verði eftir lögnum. Ekki er nóg að setja fram viðmiðunarmörk fyrir vatn og lífríki heldur verður að setja fram markvissa áætlun um hvernig fylgst verði með að ekki sé farið yfir slík mörk.

Virðingarfyllst,

Sigurður S. Snorrason
Forstöðumaður Líffræðistofnunar Háskólans

Alþingi
Erindi nr. P 130/2577
komudagur 10.6.2004

Umhverfisnefnd Alþingis
Eva Margrét Ævarsdóttir
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK


Reykjavík, 03. júní 2004
2004050003/42-1
SB/ph

Umsögn um frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess


Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis dags. 4. maí sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um ofangreint frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess.

Náttúrufræðistofnun Íslands styður eindregið að frumvarp þetta verði að lögum og gerir engar efnislegar athugasemdir við það

Virðingarfyllt


Snorri Baldursson
forstjóri





Alþingi - Umhverfisnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. maí 2004
Tilvísun: 2004050006
Bréfalykill: 50.13

Efni:

Erindi:

Orkustofnun hefur borist erindi umhverfisnefndar Alþingis, dagsett, 4. maí 2004, þar sem æskt er umsagnar Orkustofnunar um *frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, 934. mál*. Frumvarp þessarar miðar annars vegar að verndun gæða vatnsauðlindar Þingvallavatns með líkum hætti og á er komið með fjarsvæða- og grannsvæðavernd á verndarsvæðum vatnsbóla. Slík vernd útilokar ekki hefðbundin beitir- og búskaparnot á svæðinu. Hins vegar miðar frumvarpið að verndun hins sérstæða lífríkis Þingvallavatns, en verndun vatnsgæða á framangreindan hátt stuðlar jafnframt að vernd lífríkisins, svo að aðgerðir vegna beggja markmiða fara saman að því leyti.


Umsögn:

Orkustofnun telur frumvarpið stuðla vel að vörslu og góðri meðferð vatnsauðlindarinnar, en telur þó rétt að gera eftirfarandi athugasemdir til frekari ítrekunar á því álit:

- Orkustofnun telur ákvæði frumvarpsins vel til þess fallin að vernda gæði vatnsins í vatnsauðlindinni á vatnasviði Þingvallavatns, sem er að magni til (vatnsmegini, rennsli) sú stærsta í byggð á Íslandi, hvað varðar vinnsluhæft grunnvatn, en nálægð hennar við höfuðborgarsvæðið gefur henni sérstakt gildi.
- Afmörkun verndarsvæðisins fylgir í meginráttum grunnvatnsskilum á leku landi og yfirborðsvatnaskilum á þétu landi, eins og þau eru best þekkt núna. Þó væri til álita að láta mörkin á Mosfellsheiði sjálfri vera nokkru víðari og fylgja hreppaskilum milli Grímsness- og Grafningshrepps og Ölfusshrepps að suðvestan og sýsluskilum milli Árnassýslu og Kjósarsýslu (Mosfellsbæjar) að vestan.
- Verndarákvæði frumvarpsins hafa sem slík engin bein áhrif á orkuvinnslu í Sogsvirkjunum umfram núverandi ástand.
- Orkustofnun tekur í sjálfri sér ekki afstöðu til verndar vatnalífríkis, nema það tengist nýtingu, stýringu eða umsýslu með vatnsauðlindinni sem slíkri. Hér fer hins vegar saman vernd vatnsgæða auðlindarinnar og vernd lífríkis Þingvallavatns og gerir Orkustofnun eðlilega ekki athugasemd við það.
- Bent skal á, þó að það varði ekki beint efni og ákvæði frumvarpsins, að náttúruleg árssveifla var á vatnsborði Þingvallavatns, áður en það var árið 1959 stíflað til virkjunar og vatnsmiðlunar. Við hana bættust sveiflur vegna flóða og annarra vatnafræðilegra atburða. Við þetta náttúrulega ástand bjó vatnalífríki Þingvallavatns á þeim tíma. Með núverandi tækni er auðvelt að stýra vatnsborðinu í þessu fari, ef ástæða er talin til að

endurreisa hið fyrra og náttúrulega ástand í sveiflum vatnsborðsins, en svona stýring gæti líka að sumu leyti verið hagfelldari fyrir virkjunarhafa. Orkustofnun telur, að í heild þjóni ákvæði frumvarpsins vel aðstefndum tilgangi og stuðli að skipulegri vörslu gæða vatnsauðlindar Þingvallavatns og góðri og skynsamlegri meðferð hennar.

Með kveðju

A handwritten signature in black ink, reading "Freysteinn Sigurðsson". The signature is written in a cursive style with a prominent horizontal line across the top of the first name.

Freysteinn Sigurðsson

Sérfræðingur á Auðlindadeild Orkumálasviðs Orkustofnunar

Alþingi
Erindi nr. P/30/2477
komudagur 19.5.2004
P/30/2

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 17.5.2004
HBK/is

Efni. Umsögn um frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess

Umhverfisnefnd Alþingis hefur með bréfi dags. 4. maí s.l. óskað umsagnar Orkuveitu Reykjavíkur um frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess.

Orkuveita Reykjavíkur er eigandi jarða á því svæði sem frumvarpið tekur til. Er þar um að ræða jarðirnar Úlfjótsvatn, Nesjavelli og Ölfusvatn auk hluta lands Hagavíkur í Grímsnes- og Grafningshreppi. Nesjavelli, Ölfusvatn og Hagavík hefur Orkuveitan keypt vegna þess jarðhita sem þar er að finna. Hluti jarðhitans á þessu svæði hefur þegar verið virkjaður, þ.e. í landi Nesjavalla bæði til framleiðslu rafmagns og varma. Gert er ráð fyrir að nýta jarðhita í öðrum jörðum Orkuveitunnar síðar. Úlfjótsvatn var keypt vegna virkjunar Sogsins.


Samkvæmt frumvarpinu eru áður nefndar jarðir Orkuveitu Reykjavíkur skilgreindar á vatnsverndarsvæði Þingvallavatns. Frumvarpið gerir ráð fyrir að umhverfisráðherra setji reglur um framkvæmd vatnsverndunarinnar og að í reglunum verði heimilt að kveða á um að jarðrask, bygging mannvirkja, borun eftir vatni, taka jarðefna og vinnsla auðlinda úr jörðu og ræktunarframkvæmdir verði háðar sérstöku leyfi ráðherrans.

Allar virkjunarframkvæmdir Orkuveitu Reykjavíkur verða að vera í samræmi við aðalskipulag sveitarfélagsins, sem umhverfisráðherra staðfestir og í samræmi við deiliskipulag sem skipulagsstofnun fer yfir en stofnunin heyrir undir umhverfisráðherra. Engar framkvæmdir geta átt sér stað nema fyrir liggja mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Skipulagsstofnun úrskurðar um mat á umhverfisáhrifum. Af öðrum leyfum sem afla verður má nefna starfsleyfi, framkvæmdarleyfi, byggingarleyfi og leyfi fornleifaverndar ríkisins. Þá eru virkjunarframkvæmdir háðar leyfi iðnaðarráðherra samkvæmt lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Fyrst þarf að sækja um rannsóknarleyfi og síðar um virkjunarleyfi. Áður en leyfi er veitt leitar ráðuneytið umsagnar fjölmargra aðila, þ.á.m. Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.


Af frumvarpinu verður ekki ráðið að til standi að færa þær leyfisveitingar sem afla verður hjá iðnaðarráðherra yfir til umhverfisráðherra. Þvert á móti hefur frumvarpið í för með sér að sækja þarf um leyfi fyrir einni og sömu framkvæmdinni til tveggja ráðherra. Er það afar sérstakt.

Það er mat Orkuveitu Reykjavíkur að umsóknir um virkjunarleyfi fari þegar í gegnum langan, flókinn og erfiðan feril nú koma a.m.k. 11 opinberar stofnanir að leyfisveitingum áður en virkjunarleyfið fæst útgefið. Áður en leyfi er veitt verður leyfisbeiðandi því að uppfylla mjög strangar kröfur og er síðan háður eftirliti fjölmargra opinberra eftirlitsaðila.

Orkuveita Reykjavíkur getur í ljósi framanritaðs ekki mælt með samþykkt frumvarpsins.

A handwritten signature in black ink, reading "Hjörleifur B. Kvaran". The signature is written in a cursive, flowing style.

Hjörleifur B. Kvaran, hrl.



Alþingi
Erindi nr. Þ 130/2537
komudagur 28.5.2004

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umhverfisnefnd Alþingis
b.t. Evu M. Ævarsdóttur
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 25. maí 2004

Sam 205/2004 ÞS/sp
Tilv.: 051

Efni: Frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 21. maí var lagt fram bréf umhverfisnefndar Alþingis, dags. 4. maí 2004, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, 934. mál.

Stjórnin samþykkti meðfylgjandi umsögn.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Umsögn um frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess



Umsögn

Sambands íslenskra sveitarfélaga

um frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, 934. mál

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga leggst gegn samþykkt frumvarpsins í núverandi mynd.

Stjórnin leggur í fyrsta lagi til að í stað þess að sett verði sérstök lög um verndun vatnasviðs Þingvallavatns verði sett almenn lög um vatnsvernd. Telji Alþingi það hins vegar nauðsynlegt að setja sérstök lög um afmörkun og vernd vatnasviðs Þingvallavatns, en því verður ekki á móti mælt að hér er um mikilsverða hagsmuni að ræða, leggur stjórn sambandsins til að frumvarpinu verði breytt með þeim hætti að stóraukið verði hlutverk viðkomandi sveitarfélaga en að sama skapi dregið úr því hlutverki sem umhverfisráðherra er ætlað samkvæmt lögum.

Að gildandi lögum hafa sveitarfélög það hlutverk að annast gerð skipulagsáætlana og þar með að mynda stefnu um landnotkun, þróun byggðar og umhverfismál. Í þessum heimildum og skyldum sveitarfélaga felst að þau þurfa oft og tíðum að taka afstöðu til vatnsbúskapar og vatnsverndar innan sinna staðarmarka til framtíðar litið. Er ekki ástæða til að ætla annað en að sveitarstjórnarmenn taki fullt tillit til mikilvægis þeirra hagsmuna sem þeir fjalla um á hverjum tíma við gerð slíkra áætlana og jafnframt að þeir séu full færir um að meta á sem bestan hátt hvernig þeir hagsmunir skuli varðveittir og nýttir.

Sveitarfélög reka einnig umfangsmikið heilbrigðiseftirlit og hlutverk þeirra á sviði umhverfismála hefur aukist á síðari árum, bæði fyrir tilstuðlan Alþingis og að frumkvæði sveitarfélaga sjálfra. Frumvarp það sem hér er til umræðu gerir ráð fyrir að ráðherra verði í raun falin leyfisveiting hvers konar framkvæmda innan vatnsverndarsvæðisins. Frumvarpið leggur hvorki sérstakar takmarkanir á þessar valdheimildir ráðherra né tryggir það áhrifavald viðkomandi sveitarfélaga á niðurstöðu ráðherra hverju sinni. Verður ekki betur séð en að hér sé um að ræða verulega skerðingu á valdheimildum þeirra sveitarfélaga sem lenda innan vatnsverndarsvæðisins. Gengur það gegn því viðhorfi sem ítrekað hefur verið haldið fram á síðari árum að nauðsynlegt sé að efla sveitarstjórnarstigið auk þess sem ekki verður séð hvaða rök standa til þess að fara þessa leið á þessu tiltekna landsvæði umfram önnur. Með frumvarpinu er í raun lýst vantrausti á þær sveitarstjórnir sem hlut eiga að máli og ákvarðanavald sem almennt er í höndum sveitarstjórna fært til umhverfisráðherra. Sú þróun er afar óeðlileg, m.a. með vísan til þess mikilvæga hlutverks sem sveitarfélög gegna nú þegar við skipulag landnotkunar, náttúruverndar og nýtingar náttúruauðlinda.

Stjórn sambandsins vill jafnframt benda á að hún telur að sú leið sem lögð er til í umræddu frumvarpi verði ekki rökstudd með vísan til laga nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, eða laga nr. 54/1995, um vernd Breiðafjarðar, enda er í báðum þeim lögum gert ráð fyrir mun meiri áhrifum og valdheimildum viðkomandi sveitarfélaga og héraðsnefnda heldur en gert er ráð fyrir hér.

Þannig afgreitt á fundi stjórnar sambandsins 21. maí 2004

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri.

Alþingi
Erindi nr. P 130/2575
komudagur 4.6.2004

Veiðifélag Þingvallavatns
c/o Jóhannes Sveinbjörnsson, formaður
Heiðarbæ I
Þingvallasveit
801 Selfoss

Heiðarbæ 2. júní 2004

Nefndasvið Alþingis - Umhverfisnefnd,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, sbr. Þskj.
1420 - 934.mál.


Veiðifélaginu “er skylt að stunda fiskirækt eftir því sem við á. Fiskirækt telst friðun fisks, umbætur á lífsskilyrðum fisks, flutningur fisks í veiðivatn, auðveldun göngufisks, eftirlit með veiði og annað er lýtur að aukningu fiskistofns eða viðhaldi hans” eins og segir meðal annars í 44. grein laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970 með síðari breytingum.

Þessi umsögn takmarkast af þessu lögskipaða hlutverki félagsins. Í samræmi við þetta hlutverk sitt hafði félagið á sínum tíma frumkvæði að endurreisn hins svokallaða Þingvallavatnsurriða í nánú samstarfi við og með aðstoð Veiðimálastofnunar og Veiðimálastjóra og velvilja þáverandi þjóðgarðsvarðar, fyrst árið 1974 og svo aftur árin 1975 og 1976 og einnig árið 1992 með aðstoð sömu aðila auk beins stuðnings af hálfu Landsvirkjunar. Þá stórunnið, sem menn hafa verið að veiða í vatninu öðru hvoru seinustu árin má rekja til seiðasleppinga þessara ára. Einnig hefur Veiðifélagið verið mjög hvetjandi að tilraunum Veiðimálastofnunar, sem kostaðar hafa verið af Landsvirkjun til að endurreisa þann hluta af klakstöðvum urriðans, sem eyðilagðist við byggingu Steingrímsstöðvar á sínum tíma.


Í 1. og 4. grein fyrirleggjandi frumvarps til laga um verndun Þingvallavatns eru almennar yfirlýsingar um atriði sem samkvæmt ofan greindum fyrirmælum núgildandi laga eru í verkahring Veiðifélagsins. Í frumvarpinu segir ekkert til um, hvernig að skuli farið, hvað skuli gera eða hvað megi ekki gera. Allt ákvörðunarvald er lagt í hendur umhverfisráðherra, sem eftir atvikum gæti takmarkað möguleika félagsins til að sinna hinu lögboðna hlutverki sínu auk þess hugsanlega að takmarka rétt einstakra félagsmanna til að nýta eigur sínar og réttindi, sbr. 2. málsgrein 3. greinar frumvarpsins.

Veiðifélagið hlýtur því að leggjast gegn fyrirleggjandi frumvarpi.

Virðingarfyllst,


Jóhannes Sveinbjörnsson

Alþingi
Erindi nr. P 120 / 2337
komudagur 6.3 / 2004



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Reykjavík 5. maí 2004.

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um verndun vatnasviðs Þingvallavatns, 934. mál

Ekki hefur enn verið leitað hefur verið eftir umsögn stofnunarinnar varðandi ofangreint mál en stofnunin vill koma eftirfarandi umsögn á framfæri. Án efa eru Þingvellir og umhverfi þeirra eitt merkasta svæði landsins bæði í sögu þjóðarinnar og út frá náttúrufari. Jarðsaga svæðisins setur mark sitt á allt gróður- og dýraríki. Svo er einnig í lífríki vatnsins. Hið mikla lindarvatn sem rennur um vatnasviðið og í gegnum vatnið er einstakt sem og jarðlög á botni vatnsins. Í Þingvallavatni er stórmerkilegt lífríki sem vart á sína hliðstæðu. Það þarf umfram allt að vernda. Þar er að finna nokkur afbrigði bleikju. Þar er stórvaxinn urriði en stofn hans dvínaði við stíflugerð í útfalli vatnsins. Auk þess sem hornsíli er í vatninu. Þingvallavatn er mikið veiðivatn og hefur þar verið stunduð veiði um aldur og er sú veiði stunduð á sjálfbæran hátt, það er ekki er gengið á stofna vatnsins. Talsverðar rannsóknir hafa farið fram á vatninu og lífríki þess en enn skortir talsvert upp á þekkingu um vatnið og lífríki þess. Nýverið fundust þar ferskvatnsmarflær sem eru nýjar tegundir fyrir heiminn og eiga sér ættingja í hellum í Evrópu. Sá fundur bendir til að tilurð og þróun ferskvatnslífvera hér á landi geti verið með öðrum hætti en áður hefur verið talið.

Veiðimálastofnun fagnar framkomnu frumvarpi og styður að það verði að lögum að stærstum hluta en vill þó koma á framfæri athugasemdum. Verndun vatnasviðs Þingvallavatns er mjög mikilvæg aðgerð og ber að styðja það framtak og er vel að frumvarpinu staðið. Þó er lokamálsgrein 4. greinar frumvarpsins ekki góð. Að ósekju má banna fiskeldi í eða við Þingvallavatns án leyfa Umhverfisstofnunar, en þó ber að geta þess að til að starfrækja fiskeldisstöð þarf nú þegar ákveðið leyfi og uppfylla þarf ýmis skilyrði. Fiskrækt er hins vegar stunduð í Þingvallavatni í dag og hefur verið um allnokkra hríð. Fiskrækt er lögum samkvæmt “hvers konar aðgerðir sem ætla má að

skapi eða auki fiskmagn veiðivatns”(Lög nr 76/70 með síðari breytingum). Sú fiskrækt er mjög mikilvæg vistkerfi vatnsins. Skal þetta skýrt nánar. Þegar virkjun var gerð í útfalli Þingvallavatns spilltust riðastöðvar og uppeldissvæði urriða í Þingvallavatni og hafði það mikil áhrif á vistkerfi vatnsins. Þessu er lýst í greinargerð Dr. Péturs M. Jónassonar, sem stýrði rannsóknum hópi vísindamanna í vatninu. Urriði dvínaði í vatninu, en eftir urðu smáir stofnar í ánum sem í það renna og hugsanlega í lindum í vatninu og vel er lýst í bók Dr. Össurar Skarphéðinssonar. Ætla má, segir Dr. Pétur, að við þetta hafi ákveðið stofnstærðaraðhald farið af murtustofninum sem komst við þetta í ákveðið ójafnvægi og sveiflur í honum urðu meiri. Var svo komið í byrjun 10. áratugs síðustu aldar að algerlega tók fyrir murtuveiði bænda sem hafði verið þeim mjög mikilvæg tekjulind. Rannsóknir Veiðimálastofnunar þá sýndu að murtan var smá og fjölliðuð. Veiðimálastofnun lagði var til að urriðastofni vatnsins væri hjálpað á þann hátt að klakfiski var safnað úr Öxará og seiðum undan honum sleppt í vatnið. Þetta var gert meðal annars fyrir stuðning Landsvirkjunar. Urriðaseiðin döfnuðu vel og stofn urriða í vatninu óx. Veiði á stórrurriða í vatninu hafa verulega aukið aðsókn stangveiðimanna í vatnið. Ástand murtustofnsins hefur einnig batnað. Landsvirkjun hefur í samvinnu við Veiðimálastofnun einnig farið í aðgerðir til að endurheimta skilyrði til hrygningar fyrir urriða í útfalli vatnsins. Áfram hefur verið sleppt urriðaseiðum í vatnið og eru þau öll af stofnum vatnsins. Þær aðferðir eru afturkræfar. Ef óæskilegar breytingar sjást er hægt að draga úr eða hætta sleppingum og minnkar þá urriðastofninn á ný. Fylgst hefur verið með ástandi vatnsins og hefur Landsvirkjun kostað þær rannsóknir og sleppingar urriðaseiða. Orkuveita Reykjavíkur hefur einnig komið að kostun rannsókna á síðustu árum. Áfram verður leitað leiða til að koma á hrygningu í útfalli vatnsins og er til skoðunar hjá Landsvirkjun að gera skarð í stíflugarð Steingrímsstöðvar og skapa ný hrygningarskilyrði ofan skarðsins. Ef að slík aðgerð tekst er komin sjálfbær hringrás í lífsferil urriðans.

Almenn ánægja ríkir um þær fiskræktaraðgerðir sem farið hefur verið í og að þeim sé viðhaldið. Því er það ekki gott ef banna á eða gera erfiðar þær aðgerðir sem þessar eins og fram kemur í 4. grein frumvarpsins.


Nú þegar eru ströng skilyrði sem gilda um fiskrækt. Gera þarf 5 ára fiskræktaráætlun sem að Veiðimálastjóri þarf að samþykkja. Þá má einungis nota stofna viðkomandi svæðis til fiskræktar. Þá er vel fylgst með fisksjúkdómum og heilbrigði fisks og gilda þar um ströng skilyrði. Vafasamt er að þrengja enn meir að þessu og koma upp tvöföldu

leyfiskerfi eins og lagt er til í 4. grein með því að bæta við leyfi umhverfisráðherra. Þá er rétt að geta þess að fiskrækt er víðtækt hugtak og getur tekið til ýmissa hluta og bann eða verulega erfið leyfisferli geta hindrað veiðiréttarhafa í Veiðifélagi Þingvallavatns í nauðsynlegum aðgerðum til að stunda þar veiði eða til að efla hana.

Að þessu sögðu er lagt til að orðin “fiskrækt eða” verði felld úr lokamálsgrein 4. greinar frumvarpsins.

Undirritaður er reiðubúinn að mæta á fund umhverfisnefndar og fara yfir þessi atriði ef óskað er eftir því.

Virðingarfyllst,



Dr. Sigurður Guðjónsson, framkvæmdastjóri



Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 130/2520
komudagur 25.5.2004

Garðabæ 25. maí 2004
Tilvísun: 2004050012

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, 934. mál

Til umhverfisnefndar Alþingis

Þjóðminjasafni Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, 934. mál.

Þjóðminjasafn Íslands lýsir yfir ánægju með umrætt frumvarp til laga, sem stuðla munu að verndun lífríkis Þingvallavatns og vatnasviðs þess. Þjóðminjasafn Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst

Með vinsemd og virðingu

Margrét Hallgrímsdóttir,
þjóðminjavörður